



**HAFNARFJÖRÐUR**

## Minnisblað

**Efni:** Tilfærsla á starfsemi Hússins og Klettsins - flutt frá fræðslu- og frístundapjónustu til fjölskyldupjónustu

**Til:** Bæjarstjóra og bæjarlögmanns

---

### I. Inngangur

Á fundi fjölskylduráðs þann 27. janúar s.l. lögðu fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna fram eftirfarandi fyrirspurn:

*„Hefur einhver starfsemi flutt frá fræðslu- og frístundapjónustu til fjölskyldupjónustu á síðustu 3 mánuðum, eða eru áætlanir um slíka tilfærslu?“*

*Ef svo er, hvaða starfsemi er um að ræða og hvernig var staðið að ákvörðunum um tilfærslu hennar?“*

Ofangreindum spurningum var svarað í minnisblaði dags. 1. febrúar sl. sem útbúið var fyrir fund fjölskylduráðs 13. febrúar, en í minnisblaðinu segir:

*„Frá og með síðustu áramótum var starfsemi Hússins og Klettsins flutt frá Fræðslu- og frístundapjónustu til Fjölskyldupjónustu. Ákvörðunin um tilfærsluna var tekin á sviðsstjórafundi þann 9. janúar 2017*

*Í Húsinu er eftirfarandi starfssemi:*

- *Vinaskjól; lengd viðvera fyrir fatlaða framhaldsskólanema. Er starfandi eftir hádegi*
- *Verkherinn; starfandi á sumrin og er atvinnuúrræði fyrir fatlaða nemendur á framhaldsskólaaldri*
- *Geitungarnir; atvinnuúrræði fyrir ungt fatlað fólk sem lokið hefur námi. Geitungarnir eru starfandi á morgnana*
- *Ýmis forvarnarstarfssemi er í Húsinu eftir kl. 17 á daginn. Um er að ræða hópastarf fyrir ungt fólk sem þarf ýmiskonar stuðning.*

*Í Klettinum er lengd viðvera fyrir nema á aldrinum 10-16 ára. Ákveðin skörun er milli starfseminnar í þessum tveimur úrræðum s.s. með starfsmannahald.*

*Við skipulagsbreytingarnar sumarið 2015 færðist starfsemi Hússins og Klettsins með íþróttá- og tómstundapjónustunni til Fræðsluskrifstofu. Frá þeim tíma hefur Húsið enn*



## HAFNARFJÖRÐUR

frekar þróast í þá átt að þjónusta fatlaða einstaklinga og má nefna í því sambandi tilkomu Geitunga sem fóru af stað haustið 2015.

Nú er svo komið að í Húsinu er nær eingöngu verið að þjónusta fötluð ungmenni en málaflokkur fatlaðs fólks heyrir undir Fjölskylduþjónustuna. Í Klettinum eru börn og ungmenni sem þurfa mörg hver sérhæfðan stuðning. Öll þróun og framtíðarsýn í málaflokknum heyrir undir Fjölskylduþjónustu en starfsmannahald Hússins og Klettsins hefur heyrt undir Fræðslusvið. Þetta skapar ákveðinn stjórnunarsvanda. Mikilvægt er að skýra ferla hvað þetta varðar og var tekin ákvörðun um að starfsemin í Húsinu og Klettinum heyri alfarið undir Fjölskyldusvið.“

Með tölvupósti, meðal annars til bæjarstjóra og bæjarlögmanns, dags. 13. febrúar sl., óskaði Helga Ingólfssdóttir í fyrsta lagi eftir skýringum á því hvers vegna ákvörðun hafi verið tekin um tilflutning verkefna milli sviða án aðkomu fjölskylduráðs og bæjarstjórnar og í öðru lagi hvort sviðstjórar hafi heimild til að flytja málaflokka milli sviða?

### II. Lög, reglugerðir og samþykktir

#### Sveitastjórnarlög nr. 138/2011:

2. mgr. 8. gr.:

„Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins. [...]“

1. mgr. 40. gr.:

„Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.“

#### Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992

2. mgr. 1. gr.:

„Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. [...]“

1. mgr. 4. gr.:

„Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar, sem og kostnaði vegna hennar samkvæmt lögum þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. [...]“

#### Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

1. mgr. 4. gr.



## HAFNARFJÖRÐUR

*„Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:*

*[...]*

*f) að auka þjálfun fagmanna og starfsmanna, sem vinna með fötluðu fólki, um þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum til þess að unnt sé að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.“*

### Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar frá 26. maí 2016:

5. gr.:

*„Meðal verkefna bæjarstjórnar er:*

*[...]*

*4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.“*

28. gr.:

*„Um hlutverk og valdsvið ráða, nefnda og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.“*

40. gr.:

*„Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir ráð, nefndir og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.“*

57. gr.:

*„Verkefni fjölskylduráðs.*

*Fjölskylduráð fer með mál sem heyra undir lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlög nr. 80/2002, barnalög nr. 76/2003, lög nr. 44/1998 um húsnæðismál, lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og fleiri lög sem varða málin sem heyra undir ráðið. Fjölskylduráð fer einnig með öldrunarmál og vinnumarkaðsúrræði.*

*Fjölskylduráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið fjölskylduráði og einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg, sbr. 41. og 42. gr. samþykktar þessarar.“*

Er framangreind lýsing á verkefnum fjölskylduráðs í samræmi við það sem fram kemur í erindisbréfi ráðsins, dags. 7. desember 2011.



## HAFNARFJÖRÐUR

64. gr.:

*„Verkefni fræðsluráðs.*

*Fræðsluráð fer með mál sem heyra undir lög nr. 91/2008 um grunnskóla og lög nr. 90/2008 um leikskóla. Fræðsluráð fer enn fremur með málefni tónlistarskóla og fullorðinsfræðslu, æskulýðs, tómstunda- og íþróttamál, auk forvarna samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.*

*Fræðsluráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið fræðsluráði og einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg, sbr. 41. og 42. gr. samþykktar þessarar.*

*Með vísan til 2. mgr. 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal beina kæru, vegna ákvarðana skv. 1. mgr. 47. gr. grunnskólalaga og 1. mgr. 30. gr. leikskólalaga, til fræðsluráðs áður en unnt er að kæra slíka ákvörðun til ráðherra.“*

Er framangreind lýsing á verkefnum fræðsluráðs í samræmi við það sem fram kemur í erindisbréfi ráðsins, dags. 7. desember 2011.

### **III. Breytingar á stjórnskipulagi í júní 2015 og starfsemi Hússins og Klettsins**

Á fundi bæjarstjórnar þann 29. júní 2015 voru samþykktar breytingar á stjórnskipulagi bæjarins sem fólu í sér að hjá bænum yrðu fjögur þjónustusvið, sem skiptast í fjölskylduþjónustu, fræðslu- og frístundaþjónustu, umhverfis- og skipulagsþjónustu og hafnarþjónustu.

Meðal breytinganna voru að verkefni íþrótt- og æskulýðsmála, frístundaheimila og félagsmiðstöðva voru flutt frá fjölskylduþjónustu til fræðslu- og frístundaþjónustu. Við breytingarnar færðist til að mynda starfsemi Hússins og Klettsins með íþrótt- og tómstundaþjónustunni til Fræðsluskrifstofu. Hér skal tekið fram að umræddar breytingar snéru samkvæmt ofangreindu að breytingum á stjórnskipulagi sveitarfélagsins en varðaði ekki efnislega starfsemi Hússins og Klettsins sérstaklega.

Fyrir liggur að sú starfsemi sem fram fer í Húsinu og Klettinum hefur tekið miklum breytingum síðustu 18 mánuði. Í Húsinu er í dag nær eingöngu verið að þjónusta fötluð ungmenni og í Klettinum eru börn og ungmenni sem þurfa mörg hver sérhæfðan stuðning. Hér má einnig benda á að í september 2015 hófst verkefni í tengslum við atvinnumál fatlaðs fólks í Hafnarfirði og fékk verkefnið nafnið Geitungar. Markmið með verkefninu er að auka nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal fatlaðs fólks og skapa fötluðu fólki aðstæður til að vinna að nýsköpun og nýjum verkefnum. Starfsemi Geitunganna fer fram í Húsinu.

### **IV. Ályktanir**

Sveitastjórn hefur ákvörðunarvald um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins og ákveður sveitastjórn valdsvið nefnda og ráða nema annað sé ákveðið í lögum. Er valdsvið og verkefni



## HAFNARFJÖRÐUR

nefnda ákveðin í samþykktum um stjórn Hafnarfjarðarbæjar og í erindisbréfum sem lögð hafa verið fram í viðkomandi ráði og samþykkt í bæjarstjórn.

Eins og rakið hefur verið hér að framan færðist starfsemi Hússins og Klettsins með íþrótt- og tómsundaþjónustunni til Fræðsluskrifstofu í skipulagsbreytingunum 2015. Var það faglegt mat starfsmanna Hafnarfjarðar fram að þeim tíma að starfsemi Hússins og Klettsins, eins og hún var þá, ætti að heyra undir íþrótt- og tómsundaþjónustu, sem færðist svo til Fræðsluskrifstofu. Var það mat í samræmi við skilgreiningu verkefna sem fram kemur í samþykktum um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og erindisbréfum viðkomandi ráða.

Eins og lýst er í minnisblaði til fræðsluráðs, sem vísað er til í inngangi hér að framan, hefur starfsemi Hússins og Klettsins þróast mikið frá því í júní 2015. Er svo komið að í dag er starfsemi Hússins nánast að öllu leyti í því falin að þjónusta fötluð ungmenni og í Klettinum eru börn og ungmenni sem þurfa mörg hver sérhæfðan stuðning. Liggur fyrir að málefni fatlaðra heyrir undir verkefni fjölskylduráðs samkvæmt samþykktum um stjórn bæjarins og tilheyrir því starfsemi Fjölskylduþjónustu. Er það einnig í samræmi við það sem fram kemur í erindisbréfi fjölskylduráðs.

Sveitarfélögum ber samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 skylda að taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist við. Einnig bera sveitarfélög samkvæmt sömu lögum ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er sérstaklega tekið fram að aðildarríki samningsins skuldbindi sig til að auka þjálfun fagmanna og starfsmanna, sem vinna með fötluðu fólk, um þau réttindi sem viðurkennd eru með samningnum til þess að unnt sé að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja. Hefur bæjarstjórn falið einu ráði að fara með þau mál sem heyra undir lög nr. 59/1992 og verður að telja að sú ákvörðun hafi verið tekin með það að markmiði að fagþekking á málaflokknum sé öll á einum stað, sem og auðveldi sveitarfélaginu að uppfylla lögákveðnar skuldbindingar sínar.

Bæjarstjóra, ráðum bæjarins og öðrum starfsmönnum ber að fara eftir ákvörðun bæjarstjórnar um valdsvið nefnda, ráða og stjórnar. Ákvörðunin sem tekin var á fundi sviðsstjóra, þann 9. janúar sl., var í samræmi við vilja bæjarstjórnar um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins, sem meðal annars kemur fram í samþykktum um stjórn bæjarins og í erindisbréfum viðkomandi ráða, enda heyrir starfsemi Hússins og Klettsins, samkvæmt efni sínu, undir valdsvið fjölskylduráðs. Að virtu framangreindu er ekki hægt að álykta annað en að fundur sviðsstjóra hafi haft heimild til að taka ákvörðun um tilfærslu starfseminnar.